

**Ákvörðun Samgöngustofu nr. 40/2015 vegna kvörtunar um seinkun á flugi
FI644 þann 1. desember 2014.**

I. Erindi

Þann 30. mars sl. barst Samgöngustofu (SGS) kvörtun frá Flyforsinkelse.dk fyrir hönd A og B, hér eftir kvartendur. Kvartendur á bókað flug með flugi Icelandair FI644 þann 1. desember 2014 frá Washington til Keflavíkur og þaðan til Kaupmannahafnar með FI204. 8 klst. seinkun var á komu á áfangastað og fara kvartendur fram á bætur skv. reglugerð EB nr. 261/2004 sbr. reglugerð nr. 1048/2012.

II. Málavextir og bréfaskipti

Samgöngustofa sendi Icelandair kvörtunina til umsagnar þann 30. mars sl. Svar barst frá Icelandair 31. mars. Í svari Icelandair kemur fram að vegna mjög slæmrar veðurspár hafi öllu flugi frá Ameríku þann 30. nóvember seinkað og hafi flug kvartenda verið seinkað um 375 mínútur. SGS sendi kvartendum umsögn Icelandair þann 8. apríl til umsagnar, engar athugasemdir bárust. Þann 16. október fékk SGS staðfestingu á veðurhorfum og veðuraðstæðum í Keflavík 1. desember frá Isavia.

III. Forsendur og niðurstaða Samgöngustofu

Neytendur flugbjónustu eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta sem telja að flugrekandi, flytjandi, ferðaskrifstofa eða umboðsmaður framangreindra aðila hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um loftferðir nr. 60/1998 eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra geta beint kvörtun til Samgöngustofu, sbr. 1. mgr. 126. gr. c. loftferðarlaga. Stofnunin tekur málið til skoðunar í samræmi við ákvæði laganna og stjórnsýslulaga og sker úr ágreiningi með ákvörðun, sbr. 3. mgr. 126. gr. c og 140. gr. loftferðalaga, ef hann verður ekki jafnaður með öðrum hætti. Sú ákvörðun er bindandi.

Um réttindi flugfarþega er fjallað í reglugerð EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sem var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 1048/2012. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 1048/2012 er Samgöngustofa sá aðili sem ber ábyrgð á framkvæmd reglugerðarinnar samanber 16. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

Um seinkun á flugi og þá aðstoð sem flugrekandi skal veita í slíkum tilvikum er fjallað um í 6. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Þar kemur hins vegar ekki fram með skýrum hætti að flugrekandi skuli greiða bætur skv. 7. gr. reglugerðarinnar vegna tafa eða seinkunar eins og átt getur við þegar flugi er aflýst sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Með dómi Evrópusudómstólsins frá 19. nóvember 2009, í sameinuðum málum C-402/07 og C-432/07, komst dómstóllinn að

þeirri niðurstöðu að túlka bæri reglugerð EB nr. 261/2004 með þeim hætti að farþegar sem verða fyrir seinkun á flugi sínu sbr. 6. gr. reglugerðarinnar, eigi að fá sömu meðferð og farþegar flugs sem er aflýst sbr. 5. gr. Af þessu leiðir að allir farþegar sem verða fyrir þriggja tíma seinkun á flugi sínu eða meira, og koma á ákvörðunarstað þremur tímum seinna eða meira en upprunalega áætlun flugrekandans kvað á um, eiga rétt á bótum skv. 7. gr., nema flugrekandi geti sýnt fram á að töfin hafi verið vegna óviðráðanlegra aðstæðna sem ekki hefði verið hægt að afstýra jafnvel þótt gerðar hefðu verið allar nauðsynlegar ráðstafanir sbr. 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar. Þetta dómafوردæmi var staðfest með dómi Evrópuðómstólsins í máli C-11/11 og hefur nú einnig verið lögfest með 6. gr. reglugerðar nr. 1018/2012.

Loftferðalög nr. 60/1998 og reglugerð EB nr. 261/2004 er ætlað að tryggja ríka vernd fyrir farþega sem neytendur flugþjónustu. Meginreglan samkvæmt reglugerð EB nr. 261/2004 er réttur farþegar til skaðabóta skv. 7. gr. reglugerðarinnar sé um að ræða aflýsingu eða mikla seinkun á brottfarartíma flugs og ber að skýra undantekningarreglu 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar þróngt, sbr. dóm Evrópuðómstólsins frá 22. desember 2008, í máli C-549/07 Friederike Wallentin-Hermann v Alitalia og almennar meginreglur um túlkun lagaákvæða.

Álitamálið í þessu máli er hvort seinkun flugs FI644 hafi verið af völdum óviðráðanlegra aðstæðna í skilningi 3. mgr. 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Fyrir liggar að Icelandair ákvað að seinkar umræddu flugi vegna slæmrar veðurspár. Samgöngustofa hefur fengið staðfest að veðurspá umræddan dag var mjög slæm. Í 14. inngangslið reglugerðar EB nr. 261/2004 kemur fram að óviðráðanlegar aðstæður geti t.d. skapast vegna veðurskilyrða. Samgöngustofa telur ekki forsendur til að vefenga ákvörðun Icelandair. Fellst því stofnunin á að umrædda seinkun megi rekja til óviðráðanlegra aðstæðna.

Það er því mat Samgöngustofu að um óviðráðanlegar aðstæður hafi verið að ræða og kröfu kvartenda um bætur hafnað.

Ákvörðunarorð

Kröfu kvartanda um bætur úr hendi Icelandair er hafnað.

Ákvörðun þessi er kæranleg til innanríkisráðuneytis skv. 3. mgr. 126. gr. c loftferðalaga nr. 60/1998 og 18. gr. laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnsýslustofnun samgöngumála. Kæra skal berast ráðuneytinu innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðun þessa.

Reykjavík 4. nóvember 2015

Ómar Sveinsson

Magnús Dige Baldursson